

Nd. 744. Frumvarp til laga [1. mál]

um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Auk þeirra togara, sem um ræðir í 1. gr. laganna, er ríkisstjórninni heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 10 togara erlendis og skal ráðstafa þeim á sama hátt og í lagagreininni segir.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán, eða jafngildi þess í erlendum gjaldeyri, er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og hreppsfélögum, sem kaupa togara, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárhagsstuðnings að áliti ríkisstjórnarinnar.

Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána samtals allt að 1.5 millj. króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.